

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Fiskeldi Austfjarða hf. Bakka 1, Ölfusi



Dags eftirlits	24.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Fiskeldi Austfjarða hf.	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Bakka 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5204120930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Heiðar Örn Ólasson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Eva Lind Guðmundsdóttir	Staðsetning	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fimm frávik komu fram í eftirlitinu. 1) Fóður var í viðtaka. 2) Sápubrúsar voru geymdir án lekavarna inn í eldisrými. 3) Sýrustig frá frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatöku sem var framkvæmd 22. mars 2024. 4) Styrkur ammóníaks frá frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatöku sem var framkvæmd 22. mars 2024. 5) Styrkur ammóníaks frá frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatöku sem var framkvæmd 30. ágúst 2024.

Eldri opin frávik eftir eftirlitið 2025. 1) Styrkur ammóníaks var yfir mörkum í sýnatökum ársins 2023.

### UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða landeldisstöð þar sem hámarkslífmassi má ekki fara yfir 100 tonn á hverjum tíma.

Boðað umfang eftirlitsins:

- Staðan frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Starfsleyfi rekstraraðila og skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir
- Skoðunarferð
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Fylgiskjöl

1. Þrjú frávik komu fram í eftirliti árið 2024 og voru tvö ennþá opin við eftirlitið sem fór fram 24. september 2025. Mismunur á sýrustigi í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fór fram 30. mars 2023 og 3. október 2023. Frávikinu er lokað þar sem niðurstöður úr mælingum frá 30. ágúst 2024 er innan marka starfsleyfis. Gildi ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 30. mars 2023 og 3. október 2023. Samkvæmt rekstraraðila er verið að leita lausna til að draga úr styrk ammóníaks.

2. Farið var yfir áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

3. Ársyfirliti og grænu bókhaldi vegna ársins 2024 var skilað inn fyrir 1. maí 2025. Heildarframleiðsla ársins 2024 var 156 tonn og fóðurnotkun var 185 tonn.

4. Rekstraraðili hreinsar seyru frá frárennsli og öll seyra er vigtuð, síðan er hún efnagreind. Fosfórlausun fyrir árið 2024 er innan marka starfsleyfis. Mismunur á sýrustigi í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 22. mars 2024 og er það frávik. En frávikinu er lokað þar sem munur á sýrustigi 30. ágúst 2024 var innan marka. Styrkur ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatöku sem fór fram 22. mars 2024, sem er frávik. Í sýnatöku sem fór fram 30. ágúst 2024 mældist styrkur ammóníaks yfir leyfilegum mörkum samkvæmt starfsleyfi sem er frávik.

5. Farið var yfir áætlanir og eru þær allar ný uppfærðar.

6. Gengið var um stöðina og umhverfið skoðað. Fóður var í viðtaka sem er frávik.

7. Efnageymsla var fullnægjandi, en sápubrúsar og sóttþreinsibrúsar voru geymdir án fullnægjandi lekavarna inn í eldisrými og er það frávik.

8. Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí sl. fer stofnunin yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

Frávik frá	Lýsing á frávik
gr. 3.4 í starfsleyfi.	Styrkur ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 22. mars 2024.
gr. 3.4 í starfsleyfi.	Styrkur ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 30. ágúst 2024.
gr. 3.5 í starfsleyfi.	Við útrásir þar sem eldisvatn í fráveitu er veitt í viðtaka má ekki vera efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi. Töluvert af fóðri var í viðtaka sem kom frá frárennslinu.
gr. 3.11 í starfsleyfi.	Sápubrúsar og sóttþreinsibrúsar voru geymdir án fullnægjandi lekavarna.
gr. 3.4 í starfsleyfi.	Mismunur á sýrustigi í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 22. mars 2024. Fráviki er lokað þar sem mismunur á sýrustigi er innan marka 30. ágúst 2024.

## ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að huga betur að hreinsibúnaði þar sem það var fóður í viðtaka.

## ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Reykjavík, 03.11.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

---

Auður Eyberg Helgadóttir